

Nd.

199. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra eða sá, er hefir á hendi útgerðarstjórn varðskipanna, gerir starfsamning við skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra og semur um kaup þeirra og kjör.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Vélameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, sem ekki eru taldir í 3. gr. Allir skipverjar skulu skráðir í skiprúm eftir fyrirmælum sjómanna­laganna (l. nr. 41, 19. maí 1930) um lögskráningu sjómanna, enda gildi fyrirmæli þeirra laga um réttindi og skyldur skipverja yfirleitt.

3. gr.

5. og 6. gr. laganna falli niður.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Kaup og ráðningarkjör skipverja á varðskipum landsins fara að öðru leyti eftir samningum milli aðilja, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið og flutt samkv. tilmælum margra starfsmanna á varðskipum ríkisins, og greina þeir ástæður sem hér segir:

Síðan lög in um varðskip ríkisins voru sett, hefir það alloft komið fyrir, að ágreiningur hefir orðið um það, hvort um yfirmenn varðskipanna giltu hinar almennu reglur og lög um embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða lög in um atvinnu við siglingar, eða hvortveggja lög in að einhverju leyti. Út af þessu hefir risið talsverð óánægja og yfirmönnum varðskipanna virzt þeir lakar settir en tilsva randi yfirmenn á öðrum skipum. En það er yfirleitt eindregin ósk allra þeirra, er atvinnu stunda á varðskipunum, að sömu lög gildi um þá sem skipverja á öðrum skipum tilsva randi. Þess skal þó getið, að eigi mun hafa verið leitað álits skipstjóranna um þetta atriði, og er því eigi upplýst um afstöðu þeirra.

Til þess að sýna, hver mismunur er á kjörum yfirmanna varðskipanna og tilsva randi starfsmanna hjá einkafyrirtækjum, skulu hér tekin tvö dæmi af handahófi:

Kaup 1. vélstjóra á Ægi er (byrjunarlaun) kr. 486,00 pr. mán., en kaup 1. vélstjóra á skipum Eimskipafélags Íslands er (byrjunarlaun) kr. 633,00 pr. mán.

Vélar jafnstórar, þ. e. hestaflatalan jöfn í báðum tilfellum.

Kaup 1. stýrimanns á Ægi (byrjunarlaun) er kr. 370,00 pr. mán., en kaup 1. stýrimanns á skipum Eimskipafélagsins (byrjunarlaun) er kr. 460 pr. mán.

Það liggur í augum uppi, að þar sem svo mikill munur er á kaupi þessara starfsmanna, þá leita úrvalsmennirnir til einkafyrirtækjanna, sem betur borga, og má öllum ljóst vera, hvert þá stefnir. Störf yfirmanna varðskipanna eru þó vissulega slik, að full þörf er á, að eigi sé þar minna mannval en á öðrum skipum. Á það má og benda, að eitt varðskipanna, Ægir, er búið mörgum nýtizku tækjum, sem vandfarið er með, og kemur sér því afarilla, ef mannskipti eru mjög tíð, en slíks má jafnan vænta meðan haldið er uppteknum hætti um launagreiðslur. Menn, sem óvanir eru meðferð þessara nýtizku áhalda, sem mörg eru ærið dýr, geta á margvislegan hátt orðið þess valdandi, að útgerð skipanna skaðist um stærri upphæðir en launamismuninum nemur.

Almennir skipverjar á varðskipunum eru nú ráðnir fyrir sama kaup og greitt er á strandferðaskipum ríkisins. Hins sama óska vélstjórar og stýrimenn varðskipanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði laganna um 3 mánaða uppsagnarfrest skipverja falli niður og hér eftir verði fylgt ákvæðum sjómanna laganna um uppsagnarfrest skipverja á verzlunarskipum og samið við stéttarfélög in um kaup og kjör skipverja á sama hátt og nú er gert um kaup á strandferðaskipum ríkissjóðs. Það er alltitt, að bæði yfirmenn og aðrir skipverjar flytjist milli skipa, af varðskipi á strandferðaskip og stundum öfugt. Virðist því eðlilegast, að sömu reglur gildi um ráðningarkjör á hvorumtveggja þessara skipa.